

Jóna Benediktsdóttir



Í Grunnskólanum á Ísafirði hefur um nokkurt skeið verið mikill áhugi á að efla lýðræðisleg vinnubrögð, m.a. með nemendapingum þar sem nemendur ræða ýmis málefni sem varða skólastarfið, sem og fleiri mikilvæg mál. Nemendur stýra umræðunum að hluta til sjálfir og niðurstöður hafa verið notaðar með ýmsum hætti. Markmiðið er að þingin verði fastur liður í skólastarfinu.

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er birt menntastefna fyrir alla grunnskóla á Íslandi. Stefnan byggir á sex grunnpáttum menntunar; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti og sköpun. Grunnpættirnir skarast á margvíslegan hátt og hægt er að fella margskonar kennslu að þeim. Allir skólar vinna með grunnpættina en hafa frelsi til að velja sér aðferðir og leiðir. Verkefnið sem hér verður fjallað um snýst fyrst og fremst um þróun lýðræðis og borgaravitundar í skólastarfinu en tengist einnig öðrum grunnpáttum menntunar.

Fræðilegur bakgrunnur

Þegar lagt er af stað í breytingaferli er nauðsynlegt að hafa fræðilegan grunn til að standa á.

Okkar grunnur byggir að mestu leyti á hugmyndum John's Dewey (2000) um lýðræðishugsjónir og Basil Bernstein (1996) um skynsamlegt vinnulag.

Hvað er lýðræði?

Orðið lýðræði getur haft margvíslegar merkingar í hugum fólks en þegar hér er talað um lýðræði er fyrst og fremst stuðst við kenningar Dewey. Dewey (1976) áleit að lýðræðið væri lífstíll um leið og það væri leið til virkrar þátttöku í þjóðfélaginu. Hugmyndir Dewey gera þær kröfur til nemenda að þeir séu virkir í skólastarfi og leiti svara við spurningum sínum. Einnig að þeir vinni saman að því að finna farsælustu lausnirnar og búa sig þannig undir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Á þessum forsendum teljum við mikilvægt að virkja alla nemendur til þátttöku í samræðum um hvernig við getum skapað skólasamfélag sem þjónar þörfum þeirra sem best. Inn í kenningar Dewey um lýðræði fléttast einnig hugsunin um að reynsla fólks hafi áhrif til breytinga því reynslan feli í sér tækifæri til að læra (Dewey, 2000). Það er lýðræði af þessum toga sem við stefnum að því að efla í Grunnskólanum á Ísafirði.

En hvernig á að virkja lýðræðishugsjónirnar í starfi grunnskóla?

Við ákváðum að byggja vinnu okkar fyrst og fremst á hugmyndum Bernstein um hvaða þættir eru nauðsynlegir til að koma lýðræðishugsjónum í framkvæmd. Bernstein (1996) telur tvo þætti sérstaklega mikilvæga fyrir skóla sem ætla að skapa umhverfi sem styður við lýðræðisþróun og eflir lýðræðisvitund nemenda. Í fyrsta lagi verður fólk að upplifa sig sem virkan þátttakenda í samfélaginu. Það þýðir ekki eingöngu að fólk fái ákveðna hluti (réttindi) heldur einnig að það verði að geta gefið af sér ákveðna hluti (skyldur). Nemendur verða að upplifa sig sem þátttakendur bæði í þeim skilningi að gefa og þiggja. Í öðru lagi verður fólk að hafa tiltrú á þeim ráðstöfunum sem eru gerðar í samfélaginu. Nemendur verða að skilja að ráðstafanir eru gerðar í þeirra þágu og ef ráðstafanir eru ekki gerðar í þeirra þágu verða rökin fyrir því hvers vegna svo er að vera skýr. Bernstein segir einnig að til að þessar aðstæður geti orðið að raunveruleika í skólastofnunum verði skólarnir að leggja áherslu á rétt nemenda til þátttöku. Með því á hann við réttinn til þess að taka þátt í að móta, viðhalda og flytja gildi og þekkingu með skipulögðum hætti.

Þessi skilyrði sem hér eru nefnd eru í góðu samræmi við hugmyndir Dewey um mikilvægi þess að fá tækifæri til að læra af reynslunni, túlka hana og þátttöku nemenda í að móta

námsumhverfi sitt.

Á vettvangi

Ef þessar skilgreiningar eru tengdar við lýðræðiskennslu í skólastarfi má álykta sem svo að fái nemendur tækifæri til þátttöku í umræðum sem geta leitt til þess að þeir þroski með sér ný viðhorf og sjái að þeir geti haft áhrif, séu þeir að læra um virkni lýðræðis. Þegar fólk ræðir saman með þessum hætti kvikna nýjar hugmyndir af frjóum umræðum og sjálft ferlið við að ná samkomulagi um hvað skiptir máli, verður verðmætt í sjálfu sér, óháð niðurstöðum. Umræðurnar verða þó að hafa merkingu í lýðræðislegu samhengi til að geta fallið undir lýðræðiskennslu. Þær verða einnig að snúast um þau efni sem eru nemendum hugleikin og hafa einhverja merkingu fyrir þá svo sem samskipti, skyldur eða réttindi. Grunnskólinn á Ísafirði vinnur samkvæmt Uppbyggingarstefnunni og nemendur okkar hafa í allmörg ár unnið bekkjarsáttmála um samskipti sem notaðir eru í stað formlegra skólareglna. Í þeirri vinnu læra nemendur talsvert um lýðræðisleg vinnubrögð þar sem hún krefst þess að allir taki þátt og að skoðanir allra séu virtar. Nemendur þekkja því þessi vinnubrögð en á undanförunum árum höfum við unnið að því að færa þátttöku nemenda yfir á heildstæðara plan með því að virkja þá við mótun skólabrags með því að halda regluleg nemendaping. Þingin hafa verið með þjóðfundarsniði og rætt hefur verið um málefni sem nemendur geta haft áhrif á og eru líkleg til að efla ábyrgðartilfinningu þeirra og vitund um eigin getu til að hafa áhrif.

Markmið þessara umræðupinga eru fjögur:

- að veita nemendum tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegri samræðu um málefni sem hefur merkingu fyrir daglegt líf þeirra og skipulag skólastarfsins,
- að efla vitund nemenda um eigin áhrif í skólastarfinu,
- að fá fram sjónarhorn nemenda í ýmsum málaflokkum,
- að fá fram tillögur frá nemendum um hvað hægt er að gera til að hafa jákvæð áhrif á daglegt starf í skólanum og víðar.

Þingin hafa verið sett upp með formlegu sniði. Borðstjórar koma úr efri bekkjum skólans og fá sérstaka þjálfun í að virkja samnemendur til þátttöku og að stýra umræðum, en gæta um leið kurteisi.

Þrjú þing um ólík málefni hafa verið haldin í skólanum árin 2013, 2015 og 2017. Á fyrsta þinginu var lögð áhersla á skólasamfélagið. Þá fengu nemendur þrjár spurningar til að kljást við.


1. Hvaða aðilar mynda skólasamfélagið?
2. Hvað gætu hóparnir sem mynda skólasamfélagið gert til að gera skólastarfið betra og árangursríkara?
3. Hvað myndu aðilar skólasamfélagsins „græða“ á því ef allir gerðu sitt besta?

Á öðru þinginu var rætt um kynjajafnrétti. Þá fengu nemendur spurningarnar:

1. Hvað græða strákar á jafnrétti?
2. Hvað græða stelpur á jafnrétti?
3. Hvað geta aðilar skólasamfélagsins gert til að efla jafnrétti?
4. Hvað geta foreldrar gert til að efla jafnrétti?
5. Hvað getið þið sjálf gert til að efla jafnrétti?

Á þriðja þinginu var svo rætt um samfélagsmiðla. Þá byrjuðu nemendur á að skilgreina þá samfélagsmiðla sem þeir þekktu og flokka þá í mikið og lítið notaða. Þeir völdu síðan þrjá til fjóra af flokkunum sem þeir töldu vera mikið notaða og ræddu gagnsemi þeirra og hvað ber að varast við notkun þeirra.

Nemendaping – leið til að efla lýðræði í skólastarfi



Niðurstöðurnar

Nemendaping – leið til að efla lýðræði í skólasterfi

Gagnlegt – að geta	Hvað ber að varast
Deilt lífinu með vinum og kunningjum	Að fólk steli myndum
Fylgst með fólki	Perra
Eytt tíma	Hakkara
Horft á hluti	Stalkera
Póstað myndum	Að deila ekki of miklu
Skoðað gamlar myndir sem búið var að gleyma	Að senda nektarmyndir
Talað við aðra	Það er hægt að fylgjast með þér
Fljót samskipti	Neteineltili er auðvelt
Hringt í fólk	Að allir geta séð myndirnar þínar
Horft á myndbönd	Hver sem er getur reynt að tala við þig
Fengið hugmyndir frá öðrum	Það sem þú setur á netið verður alltaf þar
Deilt fréttum	Samfélagsmiðlar eru ávanabindandi
Fengið fréttir af öðru fólki	Leiðinleg skilaboð
Fundið fólk	Aðrir deila stundum einhverju sem þér finnst vera þitt einkamál
Fundið upplýsingar	Að samþykka fólk sem þú þekkir ekki
Tekið skjáskot	Nafnlausar spurningar
Þú ræður hverja þú talar við	Fólk sem þykist vera einhver annar
Tala við fólk sem er langt í burtu	Hatursmæli
Hlusta á tónlist	Óþægilegar myndir
Gera videó	Þrýsting
Búa til hópa með fólki	Ókunnuga
Þjóða fólki á viðburði	Fólk sem þykist vera börn
Live videos	Að gefa of miklar persónuupplýsingar
Skípulagt viðburði og annað	Getur verið auðvelt fyrir alla að finna þig
Skoðað tilboð á fótum og öðrum vörum	Skjáskot
Fengið aðstoð	Vírusar
Komið skilaboðum um allan heim á nokkrum sekúndum á ódýran hátt	Peningaþvætti og betl
Tjáð skoðanir sínar	Þú veist aldrei við hvern þú ert að tala
Rífa upp minningar	EKKI hitta neina sem þú veist ekki hverjir eru
Hægt að finna nánast allt sem langar að finna	Að deila óviðeigandi hlutum
Fylgjast með fræga fólkinu	Allt getur komist í dreifingu
Hægt að læra hvað sem er	Að láta reiði sína bitna á öðrum
Auglýst	Fljótfærni, mikilvægt að hugsa sig um áður en maður deilir
	Þau áhrif sem hægt er að hafa á ungt fólk með útlitsdýrkun
	EKKI trúá öllu sem þú sérð og heyrir
	Það er hægt að fylgjast með öllu sem þú gerir
	Dreifingu mynda sem maður vill ekki láta dreifa
	Að senda eða fá nektarmyndir
	Rífrildi
	Að senda öðrum ljót skilaboð
	Að láta myndir blekkja sig
	EKKI er hægt að taka til baka það sem maður hefur sent

SMELLIÐ Á MYNDINA TIL AÐ FÁ STÆRRI ÚTGÁFU AF NIÐURSTÖÐUNUM FRÁ NEMENDAPINGI UM SAMFÉLAGSMÍÐLA.

Vinnan með niðurstöðurnar er bæði formleg og óformleg. Formleg og óformleg vinnan er sýnileg á veggjum skólans og víðar en sú óformlega

felst
í
viðh
orfs
brey
ting
um,
brey
ting
um
á
hugs
un
og
hegð
un
nem
enda
og
jafnv
el
starf
sma
nna
líka.
Í
öllum
tilvik
um
er
þett
a
vinn
a

sem
nær
yfir
lang
an
tíma
og
teku
r í
raun
ekki
enda

Nemendaráð skólans hefur ávalt unnið áfram með niðurstöður þinganna og þær hafa verið gerðar sýnilegar í skólasamfélaginu. Einnig hefur verið unnið með niðurstöður þingana í tengslum við markmiðssetningu nemenda í upphafi skólaárs, þar sem þeir skilgreina hvað þeir ætla að gera til að vinna að því að ná þeirri stöðu sem sameinast hefur verið um að sé æskileg.

Tillögur frá nemendum um kennsluhætti hafa verið ræddar í starfsmannasamtölum og ratað inn í margskonar áætlanir í skólastarfinu. Tillögurnar hafa einnig verið notaðar í innra mati skólans þar sem gerðar hafa verið kannanir fyrir kennara út frá þáttum sem nemendur meta mikilvæga í kennslu. Foreldrar fengu einnig tillögur nemenda um hvað þeir gætu gert til að auðvelda börnum sínum námið. Hluti af niðurstöðum hefur verið nýttur í innra mati í tengslum við mat á líðan og bekkjarbrag þar sem þær voru notaðar beint til að útbúa sameiginlega skilgreiningu fyrir æskilega stöðu. Þessar niðurstöður voru síðan færðar yfir í könnun sem nemendur svöruðu og gátu þannig endurmetið stöðuna í hverjum bekk fyrir sig.

Flóknast hefur reynst að vinna með niðurstöður jafnréttisþingsins þar sem þar eru fæst atriði sem nemendur eða starfsfólk skólans getur haft bein áhrif á. Niðurstöður þess eru þó enn mikið ræddar í skólanum, bæði af nemendum og starfsfólki.



NIÐURSTÖÐUR Í HNITMIÐUÐU FORMI TIL AÐ SETJA Á ÍSSKÁPINN HEIMA!

Nemenda
ráð
er
um
þess
ar
mun
dir
að
vinn
a
með
niðu
rstö
ður
umr
æðn
a
um
samf
élag
smið
la og
vonu
mst
við
til að
út úr
því
komi
sátt
máli
um

Nemendaping – leið til að efla lýðræði í skólastarfi

skyn
saml
ega
notk
un.
Einni
g er
veri
ð að
útbú
a
gög
n
sem
mun
u
fara
heim
til
nem
enda
og
verð
a
vona
ndi
hvet
jandi
til
sam
ræð
na
forel
dra

og
barn
a
um
þen
nan
þátt
sem
leiku
r svo
ríkul
egt
hlut
verk
í lífi
fólks
á
okka
r
dög
um.

Fyrir skólabraginn

Í þessu ferli eru nemendur virkir þátttakendur í að skapa eigin merkingu og bregðast við á persónulegan og skapandi hátt. Þeir taka þátt í að skapa samábyrgt samfélag og læra að takast á við álitaefni, því ekki eru allir alltaf sammála í hópnum. Það að gera sér grein fyrir hvað maður sjálfur getur lagt af mörkum til bæta umhverfi sitt og félagslegar aðstæður hefur styrkjandi áhrif fyrir alla og þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefna eflist sköpunargleði þeirra sem hefur áhrif á námsáhugann. Í sköpun felst einnig að virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika og spyrja „hvað ef“ spurninga. Umræðuþáttur þessa verkefnis felur í sér skapandi vinnu þar sem nemendur koma með nýjar tillögur, ígrunda eigin hegðun og fá tækifæri til að sýna frumkvæði. Þó að ekki sé mögulegt að mæla bein áhrif af svona starfi teljum við okkur geta sagt með vissu að áhrifin á skólabraginn eru

Nemendaping – leið til að efla lýðræði í skólastarfi

ótvírætt jákvæð. Nemendur okkar sýna oft í verki að þeir eru þess fullvissir að þeir geti haft áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í skólanum ef þeir eru kurteisir og málefnalegir og telja sjálfsagt og eðlilegt að allir hafi skoðanir og tjái þær eftir löngun hverju sinni.

Markmið okkar er að gera nemendaping að föstum lið í skólastarfinu. Með því vonumst við til að nemendur okkar venjist því að samræður, þar sem allir taka þátt, leiði til bestu mögulegu niðurstöðu fyrir heildina.



Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti /2011.

Bernstein , B. (1996). *Pedagogy, symbolic control and identity: Theory, research, critique*. Lanham: Rowman & Littlefield.

Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun*. (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upprunaleg útgáfa frá 1938).

Dewey, J. (1976). *Creative democracy: The task before us*. Í J. Boydston (Ed), John Dewey: *The later works, 1925-1953, 14. bindi* (bls. 224-230). Carbondale: Southern Illinois University Press.

Jóna Benediktsdóttir er skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði. Jóna lauk M.Ed prófi frá HÍ haustið 2012. Áherslur Jónu í náminu voru á skóla án aðgreiningar og lýðræði í skólastarfi.